

Ár 2016, fimmtudaginn 28. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun ríkissaksóknara

I.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal ríkissaksóknari njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið. Þannig hefur ríkissaksóknari fengið greidd sömu laun og notið sama réttar til endurmenntunar og starfsmenntunar og hæstaréttardómarar.

Með úrskurði kjararáðs nr. 2015.3.001 tók kjararáð ákvörðun um breytingu á launum dómara. Ákvörðunin felur í sér að frá 1. janúar 2016 eru mánaðarlaun hæstaréttardómara samkvæmt launaflokki 502-147 og skal að auki greiða þeim 48 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Með úrskurðinum er jafnframt kveðið á um fyrirkomulag endurmenntunar og starfsmenntunar dómara.

Með vísan til framangreinds skulu launakjör ríkissaksóknara vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

II.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun ríkissaksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-147, nú 1.292.529 krónur. Að auki skal greiða honum 48 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 8.934 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ríkissaksóknara gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015 að undanskildum kafla 4 um endurmenntun. Ríkissaksóknari á annars vegar rétt á námsleyfi á launum til endurmenntunar og hins vegar styrk til starfsmenntunar þannig:

Ríkissaksóknari á rétt á launuðu námsleyfi á fjögurra ára fresti til að stunda endurmenntun, fyrst eftir fjögur ár í starfi. Ríkissaksóknari ávinnur sér þriggja vikna leyfi á hverju ári. Þó getur uppsafnaður réttur mest orðið 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok. Ríkissaksóknari heldur launum í námsleyfi og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar.

Ríkissjóður skal greiða sem svarar til 0,92% af heildarlaunum ríkissaksóknara í starfsmenntunarsjóð dómara. Kostnaður ríkissaksóknara við námskeið, námsstefnur, ráðstefnur eða sambærilega þekkingaröflun sem telja má til starfsmenntunar skal greiðast úr sjóðnum.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber